

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 973

Dagsetning: 14. febrúar 2023 klukkan 8:30.

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Óskar Reykdalsson, Jónas Guðmundsson, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjánn Jónasson, sem sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað og ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Ágúst Ingi Ágústsson, yfirlæknir SKS, sat fundinn undir lið 3.

I. Efni til kynningar

1. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

2. Fjárhagslegt uppgjör

Staðan varðandi fjárhagslegt uppgjör kynnt.

II. Efni til Umræðu

3. Staðan hjá SKS

Ágúst Ingi Ágústsson, yfirlæknir SKS, kom inn á fundinn til að ræða stöðu krabbameinsskimana. Framkvæmdastjórn var upplýst um vinnu við undirbúning skimana fyrir ristilkrabbameini og hugmynd um átak til að auka heilsulæsi.

4. Átak til að ná til heilbrigðisstarfsfólks

Rætt um leiðir til að ná til nýútskrifaðs heilbrigðisstarfsfólks og fá það til að sækja um störf hjá HH. Framkvæmdastjórn vill að vinna við verkefnið haldi áfram.

5. Húsnæðismál

Rætt um ýmis húsnæðismál tengt starfsemi HH.

6. Starfsmannamál

Rætt um ýmis starfsmannamál á starfseiningum HH.

7. Sálfræðiþjónusta

Umræður um samþættingu sálfræðiþjónustu við aðra þjónustu heilsugæslustöðva. Málinu var frestað til næsta fundar.

8. Geðheilsuteymi fangelsa

Fjallað um mönnun Geðheilsuteymis fangelsa. Málinu var frestað til næsta fundar.

9. Opnunartími heilsugæslustöðva

Rætt um opnunartíma stöðva Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

10. Viðræður við Heyrnar- og talmeinastöðina

Umræður um stöðu viðræðna við HTÍ.

III. Efni til afgreiðslu

11. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 7. febrúar 2023 rædd.

Niðurstaða: Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

12. Aukafjárveiting vegna Covid-19

Rætt um tillögu um hvernig nota á fjármuni sem settir voru í geðþjónustu fyrir fullorðna tengt Covid-19.

Niðurstaða: Ákveðið hvernig aukafjárveitingin skiptist milli geðheilbrigðisþjónustu fullorðinna.

13. Húsnæði Upplýsingamiðstöðvar

Rætt um húsnæðisvanda Upplýsingamiðstöðvarinnar og bólusetningar.

Niðurstaða: Ákveðið að gera engar breytingar í bili.

14. Samningur við Janus

Fjallað um samning við Janus endurhæfingu um ADHD-greiningar.

Niðurstaða: Ákveðið að bíða með að semja við Janus.

15. Samgöngustyrkur

Staðan á samgöngustyrk í Miðbæ og Domus rædd.

Niðurstaða: Stjórnendur í Miðbæ og Domus verða boðaðir á fund til að ræða samgöngustyrk.

Önnur mál

16. Verkfallsboðun Eflingar

Rætt um boðun verkfalls Eflingar. Verði verkfallsboðun samþykkt mun starfsfólk fyrirtækis sem sér um þrif hjá HH fara í verkfall.

17. Fjármögnunarlíkan heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu

Rætt um breytingar á fjármögnunarlíkani fyrir heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu sem borist hefur frá heilbrigðisráðuneytinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:55.